

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Kiðjaberg 108, 109, 110 og 111.

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi Kiðjabergs, sem felur í sér leiðréttingu á lóðarmörkum lóða Kiðjabergs 108, 109, 110 og 111 í takt við þinglýst skjöl og núverandi kvaðir deiliskipulags. Samhliða er byggingarreitur á lóð 110 stækkaður. Samþykkt í sveitarstjórn 21. apríl 2021.

Deiliskipulagsbreyting, Efri-Brú, Sökk, lóð 5, L198862.

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi þriggja lóða, Brúarey 1-3, á landspildunni Sökk, lóð nr. 5 í landi Efri-Brúar. Breytingin felur í sér að ræma fyrir skilgreindum göngustíg meðfram lóð nr. 3 er felld út og lóðin stækkuð sem því nemur. Þá er, vegna fyrirbyggjandi aðstæðna, sett inn kvöð um gegnumakstur/vegstæði sem aðkomuleið gegnum syðri frístundahúsalóðina. Núverandi skilmálar fyrir frístundahúsalóðir munu haldast óbreyttir frá fyrra skipulagi og önnur efnisatriði greinargerðar gildandi deiliskipulags. Samþykkt í sveitarstjórn 17. mars 2021.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 5. maí 2021.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.